



Forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2026 & 2027-2029

Fjárhagsáætlun sveitarfélaga byggir á forsendum um hvernig hagstærðir muni þróast yfir það tímabil sem áætlunin tekur til. Í lögum um opinber fjármál (nr. 123/2015) er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum og gögnum. Í reglugerð nr. 1212/2015 segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á. Til viðbótar getur verið gagnlegt að styðjast við þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands og greiningardeilda viðskiptabankanna, auk mannfjöldaspár Hagstofunnar og Byggingastofnunar. Spárnar gefa vísbendingar um skattheimtu sveitarfélaga á komandi árum. Auk þess sem að verðlagsþróun og gerðir kjarasamningar nýtast vel til áætlunar um þróun kostnaðarliða.

Þó er vert að hafa í huga að spám fylgir ætíð óvissa um raunverulega framvindu. Í áætlunargerðinni í ár er enn sem áður verðbólgu- og vaxtaþróun mikilli óvissu undiropin og í því samhengi þróun húsnæðisverðs. Óljóst er hver áhrif viðskiptastríðsins verða á innlend efnahagssumsvif en Seðlabankinn telur að áhrif þess á verðbólgu verði lítil. Þá verður niðurstaða virðismatsvegferðar KÍ ljós á haustmánuðum 2026 en ef ekki næst sátt um hana gætu samningar losnað 1. mars 2027.

I. Þjóðhagslegar forsendur áætlunargerðar

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er að jafnaði gefin út að vori, sumri og vetri. Í þjóðhagsspá er metin efnahagsleg framvinda yfirstandandi árs auk næstu fimm ára. Staða hagkerfisins greind og spáð fyrir helstu hagstærðum á borð við hagvöxt, fjárfestingu, verðbólgu og þróun á vinnumarkaði.

Tafla 1. Helstu stærðir í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2025-2030

	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030
Verg landsframleiðsla (milljarðar kr.)	4.598	4.971	5.249	5.550	5.843	6.143	6.465
Verg landsframleiðsla (ársbreyting)	5,8%	8,11%	5,6%	5,7%	5,3%	5,1%	5,2%
Hagvöxtur	-0,7%	2,2%	2,5%	2,8%	2,5%	2,3%	2,5%
Verðbólga (%)	5,9%	3,8%	3,2%	2,6%	2,5%	2,5%	2,5%
Atvinnuleysi (hlutfall af vinnuafli)	3,4%	4,0%	4,1%	4,0%	4,0%	4,0%	4,0%
Launavísitala (ársbreyting, %)	6,6%	6,6%	4,2%	4,0%	4,1%	4,1%	4,1%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Rauntölur fyrir 2024 en spá fyrir 2025-2029

Verðbólga

Verðlagsforsendur eru stór þáttur í áætlunargerð sveitarfélaga og því gagnlegt að horfa til fleiri verðbólguþáa, sér í lagi þegar nokkuð er liðið frá útgáfu þjóðhagsspár Hagstofu Íslands. Þar má horfa til verðbólguþá Seðlabanka Íslands auk greiningadeilda viðskiptabankanna. Í eftirfarandi töflu eru spár um ársverðbólgu, raðað eftir því hvenær greiningarnar komu út.

Tafla 2. Nýlegar verðbólguþá

	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030
Hagstofa Íslands (júní 2025)	5,9%	3,8%	3,2%	2,6%	2,5%	2,5%	2,5%
Seðlabanki Íslands (maí 2025)	5,9%	4,0%	3,3%	2,5%			
Íslandsbanki (maí 2025)	5,9%	3,9%	3,5%	3,5%			
Landsbankinn (apríl 2025)	5,9%	3,9%	3,5%	3,2%			
Arion banki (apríl 2025)	5,9%	3,6%	3,6%	3,2%			

Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Íslandsbanki, Landsbankinn og Arion banki.

Tafla 3. Verðbólguþá innan ársins (br. frá sama tíma fyrir ári)

Ársfjórðungur	Seðlabanki Íslands (maí 2025)
2024:2	6,0%
2024:3	5,9%
2024:4	4,9%
2025:1	4,2%
2025:2	3,9%
2025:3	3,8%
2025:4	4,0%
2026:1	3,9%
2026:2	3,3%
2026:3	2,9%
2026:4	2,9%
2027:1	2,7%
2027:2	2,5%
2027:3	2,4%
2027:4	2,6%

2028:1	2,6%
2028:2	2,5%

Heimild: Seðlabanki Íslands, maí 2025.

Húsnæðisverð

Húsnæðisverðþróun styður við áætlunargerð í innheimtu fasteignaskatts sveitarfélaga þar sem fasteignamat hvers árs miðast við verðlag fasteigna í febrúar árið áður. Hvorki Hagstofan né Seðlabankinn spá fyrir um þróun húsnæðisverðs en þá er hægt að notast við spár viðskiptabankanna um þróun þess.

Tafla 4. Ársbreyting húsnæðisverðs greiningadeilda viðskiptabankanna

	2023	2024	2025	2026	2027
Íslandsbanki (maí 2025)	7,8%	8,1%	6,2%	5,3%	6,4%
Landsbankinn (apríl 2025)	7,8%	8,1%	5,9%	4,8%	6,4%
Arion banki (apríl 2025)	7,8%	8,1%	5,7%	4,9%	6,5%
Meðaltal	7,8%	6,9%	5,9%	5,0%	6,4%

Heimild: Íslandsbanki, Landsbankinn og Arion banki.

Mannfjöldaspá

Hagstofa Íslands birtir mannfjöldaspá sem nær nú til áranna frá 2025 til 2074 (<https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldaspa/mannfjoldaspa/>). Framreikningur mannfjöldans er í eðli sínu óvissu undirorpinn og eykst óvissan vitaskuld eftir því sem lengra er horft inn í framtíðina. Spáin gefur engu að síður mikilvægar vísbendingar um mannfjöldapróun, einkum er varðar yngstu og elstu árgangana. Búferlaflutningar eru hins vegar mjög ráðandi um þróun annarra árganga og erfitt hefur reynst að spá fyrir um þá. Hagstofa birtir ekki mannfjöldaspár eftir sveitarfélögum, en Byggðastofnun birtir slíka spá í janúar 2024 sem byggir á spá Hagstofu. Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2023-2074 er aðgengileg á vef stofnunarinnar (<https://www.byggdastofnun.is/is/utgefing/maelabord/mannfjoldaspa/>).

Framleiðsla stórra atvinnugreina

Útsvarstekjur sveitarfélaga geta verið háðar gangi tiltekinna atvinnugreina. Þá getur verið gagnlegt að horfa til spár um þróun mikilvægra atvinnugreina s.s. sjávarútvegs eða álframleiðslu.

Hafrannsóknarstofnun hefur veitir stjórnvöldum veiðiráðgjöf um flesta helstu nytjastofna við Ísland á hverju fiskveiðiári. Ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar og greining hennar á stöðu helstu stofana má finna á vef stofnunarinnar (<https://www.hafogvatn.is/is/veidiradgjof/>).

Þá spáir Seðlabanki Íslands fyrir um útflutningsframleiðslu (magnaukningu) sjávarafurða og áls. Í nýjustu spá þeirra er gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í magni sjávarafurða en aukningu í framleiðslu áls.

Tafla 5. Spá um útflutningsframleiðslu atvinnuvega

	2023	2024	2025	2026	2027
Sjávarafurðir	-7,9%	-1,8%	-3,1%	-1,6%	0,4%
Ál	1,2%	-5,9%	4,5%	1,0%	1,7%

Heimild: Seðlabanki Íslands, maí 2025.

II. Sértækar forsendur sveitarfélaga

Útsvarstekjur

Við undirbúning fjárlagafrumvarps hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið áætlað þróun útsvarsstofns sveitarfélaga. Áætlun ráðuneytisins hefur einkum verið grundvölluð á spá Hagstofu um launapróun og vinnumagn. Nýjasta mat ráðuneytisins liggur til grundvallar 1. umræðu fjárlaga og er sýnt í eftirfarandi töflu.

Tafla 6. Spá um hækkun tekjuskatts-/útsvarsstofns, breyting frá fyrra ári, %

	2025	2026	2027	2028	2029
Útsvarsstofn	8,3%	5,8%	5,6%	5,4%	5,2%

Heimild: Fjármálaráðuneyti.

Samband íslenskra sveitarfélaga mun að venju taka saman staðgreiðsluáætlun fyrir hvert og eitt sveitarfélag fyrir komandi ár með áætlun um eftirá álagningu vegna ársins í ár. Gert er ráð fyrir að þessar upplýsingar verði birtar í október á vef Sambandsins undir heitinu *Staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga 2025 og 2026* (<https://www.samband.is/tekjustofnar>).

Fasteignaskattar

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) birti nýtt fasteignamat í maí sl. Það gildir í 12 mánuði frá og með 31. desember 2025. Lögum samkvæmt skal fasteignamat endurspegla gangverð fasteigna í febrúar á gildistökuári, nú febrúar 2025. Fasteignamat er notað til útreikninga fasteignagjalda sem sveitarfélög ákvarða. Í vef HMS má finna skjal með töflu sem sýnir fasteignamat eftir sveitarfélögum og flokkum eigna (<https://hms.is/gogn-og-maelabord/maelabordfasteignaskra/gogn-fyrir-fasteignamat>).

Framlög jöfnunarsjóðs

Tekjur jöfnunarsjóðs ráðast af skatttekjum ríkisins og útsvarsstofni sveitarfélaga. Framlög til einstakra sveitarfélaga ráðast af lögum og reglugerðum um sjóðinn. Jöfnunarsjóður mun væntanlega gefa út tilkynningu um áætluð framlög í október nk. Áætluð framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2026 verða birt á vef sjóðsins og tilkynning þess efnis mun birtast á vef Stjórnarráðsins í kjölfarið (<https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/jofnunarjodur-sveitarfelaga/>).

Launakostnaður

Laun og launatengd gjöld er að jafnaði stærsti einstaki útgjaldaliður sveitarfélaga svo mikilvægt er að horfa á gerðra kjarasamninga milli samniganefndar og launafólks sveitarfélaga.

Fjögurra ára kjarasamningar voru undirritaðir á almennum markaði á árinu 2024. Samningarnir fela í sér prósentuhækkanir með krónutölugólfi og hafa það að markmiði að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta. Ríki og sveitarfélög hafa samið undir merkjum almenna markaðarins að undanskildum samningum Kennarasambands Íslands (KÍ). Samið var við KÍ um virðismatsvegferð sem fól í sér innáborgun og varð kostnaður vegna kjarasamninganna þannig hærri en hjá öðrum bandalögum.

Kjarasamningar hafa verið undirritaðir við alla viðsemjendur sveitarfélaga og er gildistími samninganna til 31.mars 2028.

Til viðbótar við kjarasamningsbundnar hækkanir getur verið að greiða þurfi út launatöfluauka til alls félagsfólks innan vébanda heildarsamtaka þann 1.september 2026 og 2027 en það veltur á umfangi launaskriðs á almennum markaði. Launatöfluauki tryggir að opinberir starfsmenn innan vébanda heildarsamtaka haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði.

Tafla 7. Hækkun launakostnaðar eftir heildarsamtökum v/ kjarasamninga.

	1.apríl 2026	1.apríl 2027
ASÍ	4,54%	4,34%
BSRB	4,43%	4,25%
BHM	3,56%	3,52%
KÍ	3,51%	3,50%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Reikningur tekur mið af þegar gerðum kjarasamningum og áhrifum þeirra á grunnlaun launaflokka og fjölda stöðugilda í hverjum launaflokki. Ekki er tekið tillit til áhrifa af persónuálagi hvers stöðugildis.

Vakin er athygli á því að kostnaður kjarasamninga veltur á samsetningu launafólks. Auk þessa taka kjarasamningsbundnar hækkanir gildi 1.apríl ár hvert á tímabilinu 2024-2027. Þannig má leiðrétta tölurnar að ofan svo þær endurspegli kostnaðarhækkun vegna kjarasamninga á hverju almannaksári.

Við upplýsingar um hækkun launakostnaðar per heildarsamtök er hægt að margfalda launakostnaðarhækkunina við fjölda stöðugilda sveitarfélags í hverju bandalagi. Gæfi það áætlaðan kostnað vegna kjarasamningsbundinna launahækkana.

Þá hefur fjölgun stöðugilda og launaskrið sveitarfélags einnig áhrif á þróun launakostnaðar á tímabili fjárhagsáætlunar.

III. Helstu óvissuþættir áætlunargæðar

Eins og jafnan er óvissa um framvindu efnahags- og kjaramála. Lítið opið hagkerfi mun óhjákvæmlega búa við meiri sveiflur en hagkerfi stærri ríkja. Ein leið til að takast á við óvissuna er að teikna upp sviðsmyndir og vera þannig tilbúin fyrir annars konar þróun en spár gera ráð fyrir.

Meðal helstu óvissuþátta um framvindu efnahagsmála á næstu árum eru:

- **Verðbólga og vextir.** Verðbólga er enn yfir verðbólguþrögn Seðlabanka Íslands og enn ríkir óvissa um verðbólguþróun næstu misseri. Eftirspurn í þjóðarþróinu hefur reynst þrötmikil og skýrir hvers vegna verðbólga hefur farið hægt lækkandi undanfarið. Þeningastefnunefnd Seðlabankans hefur lækkað vexti lítillega en þeir eru enn háir eða 7,5% en fóru hæst í 9,25%. Flestir greiningaraðilar gera ráð fyrir að vextir lækki hægt, verði að jafnaði 7,0-7,6% í ár, um 6,0% árið 2026 og ríflega 5,0% árið 2027.
- **Húsnæðisverð.** Einn helsti óvissuþáttur verðbólgunnar. Miklar verðhækkningar á húsnæði yrðu til þess að mæld verðbólga helst há og sterkari eiginfjárstaða húsnæðiseigenda myndi auka enn á eftirspurn og verðbólguþrögn.
- **Kjarasamningar KÍ.** Félagsfólks KÍ eru nær þriðjungur af starfsfólki sveitarfélaga og samið var við KÍ um svokallaða virðismatsvegferð sem getur falið í sér breytingar á launakostnað vegna félagsfólks KÍ eða uppsögn samningsins þann 1. mars 2027.
 - Þann 1. október 2026 verða forsendur virðismatsvegferðar endurskoðaðar m.t.t. áfangavirðismats. Aðilar munu þá semja um það sín á milli á hvern hátt gerðar verði breytingar á tilteknum þáttum í launamyndunarkerfi kennara eða á vinnutíma samhliða því að launum kennara verði breytt á grundvelli fyrirliggjandi áfangamats. Verði niðurstaðan að ekki náist samkomulag um innleiðingu virðismats getur hvor aðili fyrir sig tilkynnt með skriflegum hætti, fyrir 1.nóvember 2026 að hann hyggist beita forsenduákvæði og munu samningsaðilar þá skipa forsendunefnd sem starfar undir verkstjórn ríkissáttasemjara. Verkefni forsendunefndar er að ræða þá þætti sem aðilar eru ósammála um og reyna til hlítar að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Forsendunefndin starfar til 31. desember 2026. Kjósi aðilar að segja upp samningi eftir að hafa kynnt sér niðurstöður forsendunefndar, skulu aðilar tilkynna um það með skriflegum hætti og verða þá samningar lausir 1. mars 2027.
- **Alþjóðleg efnahagsmál.** Áhrif viðskiptastríðsins sem hófst á þessu ári með tollastefnu Bandaríkjanna eru óljós á innlend efnahagsumsvif. Seðlabanki Íslands gerir ráð fyrir að fjárfesting hér á landi og útflutt þjónusta (s.s. ferðaþjónusta) vaxi hægar en ella á þessu og næsta ári. Bankinn telur þó að áhrif viðskiptastríðsins á verðbólgu verði lítil.

Ætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga með minnisblaði þessu er að styðja við fjárhagsáætlunargæð sveitarfélaga. Von er á uppfærðri þjóðhagsspá Hagstofa Íslands þegar líður að vetri og mun minnisblaðið vera uppfært með tilliti til þess.

KYNNINGARBRÉF

HVAÐ EF ÉG VIL VERA HÉR er yfirskrift málþings sem Nýheimar þekkingarsetur stendur fyrir dagana 23. og 24. september nk. á Höfn í Hornafirði. Umfjöllunarefni málþingsins er ungt fólk, byggðafesta þeirra og framtíð á landsbyggðinni.

Á málþinginu verður sjónum beint að mikilvægu hlutverki ungs fólks þegar kemur að þróun og eflingu byggða. Tilgangur málþingsins er að skapa vettvang fyrir umræðu og miðlunar þekkingar og reynslu hvað varðar þær áskoranir og tækifæri sem blasa við í tengslum við búsetuval, atvinnu- og byggðabróun og samfélagsþátttöku ungs fólks á landsbyggðinni.

Frummælendur á fyrri degi málþingsins verða Eva Mærsk, Lotta Svensson, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir og Huguín Harpa Reynisdóttir. Lotta Svensson hefur um árabíl rannsakað stöðu og viðhorf ungs fólks á landsbyggðinni í Svíþjóð og Eva Mærsk hefur undanfarin ár unnið að rannsóknum á sambærilegu sviði í Danmörku. Gréta Bergrún frá Langanesi flytur erindi um þau áhrif sem byggðabragur hefur í samfélögum og Huguín Harpa, forstöðumaður Nýheima þekkingarseturs talar um ungt fólk og hvernig skilningur á upplifun þess og líðan í landsbyggðarsamfélagi getur stutt við eflingu byggðar, ásamt því að segja frá stofnun HeimaHafnar.

Á seinni degi málþingsins taka til máls Eyrún Fríða Árnadóttir, fulltrúi Ungmennaráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Tonje Bjerkan. Eyrún Fríða, verkefnastjóri HeimaHafnar kynnir HeimaHöfn, þróunarverkefni Nýheima þekkingarseturs og Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Verkefnið miðar að því að styrkja samkeppnishæfni og aðdráttarafl sveitarfélagsins sem framtíðarbúsetukost. Með ólíkum verkþáttum er unnið markvisst að því að stuðla að jákvæðri upplifun og viðhorfi ungmenna til framtíðarinnar í Sveitarfélaginu Hornafirði og efla tengsl þeirra við samfélagið. Ungmennaráð kynnir hvernig ungt fólk getur haft áhrif í sveitarfélaginu og Tonje Bjerkan, aðstoðarframkvæmdarstjóri Nordfjordkompaniet í Vestur Noregi, segir frá nýstárlegum aðferðum við að tengja saman ungt fólk, fyrirtæki og sveitarfélög sem hefur verið gert í Vestur-Noregi með miklum árangri. Að lokum verða umræðuhópar og vinnustofur.

Fulltrúum sveitarfélaga víðsvegar af landsbyggðinni er boðið til málþingsins og mun dagskrá þess miða að því að skapa tækifæri til samtals og miðlunar þekkingar á milli þátttakenda um málefni ungs fólks og byggðanna.



UPPLÝSINGAR

Skráning

Hægt er að skrá sig á annan hvorn eða báða dagana, en skráningu lýkur þann 31.ágúst. Nauðsynlegt er að skrá sig á málþingið.

Skráningarhlekkur

Gisting

Nýheimar þekkingarsetur hefur leitað til gistaðila á Höfn um samstarf vegna málþingsins. Eftirfarandi gististaðir hafa tekið frá herbergi en setja þarf skýringu við bókun: *Vegna málþings Nýheima þekkingarseturs.*

Við viljum þakka ykkur fyrir skráninguna en hvetjum ykkur jafnframt til þess að bíða ekki með að bóka hótélherbergi, þar sem nú er þegar orðið erfitt að finna herbergi á þessum tíma hér á Höfn.



Hótél Höfn (Eins manns herbergi: 30.400,-
Tveggja manna herbergi: 41.400,-) Morgunverður innifalinn.
Sími: 478 1240 Netfang: info@hotelhofn.is



Beryaya (Eins manns herbergi: 44.050,-
Tveggja manna herbergi: 48.100,-) Morgunverður innifalinn.
Sími: 444 4850 Netfang: thordise@icehotels.is



Hvammur gistiheimili (Tveggja manna herbergi 32.490,-)
Sími: 478 1503 Netfang: info@guesthouseinhofn.is





Tonje Bjerkan er aðstoðarframkvæmdarstjóri í Nordfjordkompaniet, svæðisbundinni stofnun sem vinnur að félagslegri nýsköpun með sérstaka áherslu á sjálfsmyndaruppbyggingu og viðskiptapróun í Vestur-Noregi.

Á undanförnum árum hefur stofnunin mótað nýstárlegar aðferðir sem tengja saman ungt fólk, fyrirtæki á staðnum og sveitarfélög — með miklum árangri. Verkefni eins og „Jakta på Superkreftene“, „Superlærling“ og „Superjobb“ hafa vakið mikinn áhuga bæði frá opinbera- og einka geiranum.

Tonje Bjerkan mun í erindi sínu kynna Nordfjordkompaniet og deila innsýn sinni, aðferðum og reynslu undir yfirskriftinni „The hunt for superpowers“. Þá segir hún frá samstarfslíkani þeirra sem miðar að því að styrkja ungt fólk og endurlífga dreifbýlið.



Dr. Gréta Bergrún Jóhannesdóttir er sérfræðingur í rannsóknum við Rannsóknarsetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst. Hún hefur sérfræðipækkingu í byggðamálum sem og félagsfræði, auk þess að vera stoltur þorpari og landsbyggðarljón.

Erindi Grétu Bergrúnar ber heitið „Byggðabragur, ungt fólk og nán samfélög“. Einstaklingar skynja og upplifa byggðabrag með mismunandi hætti, og þar skiptir aldur svo sannarlega máli. Hér verður fjallað um verkefnið „Byggðabragur unga fólksins“ sem unnið var á vegum Rannsóknarseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum. Gréta Bergrún spáir í upplifun unga fólksins, nán samfélög og slúður.





Dr. Lotta Svensson er sænskur félagsfræðingur sem tengist Rannsókn- og þróunardeild í Hälsingland (FoU Hälsingland). Starf hennar beinist að líf skjörum barna og ungmenna sem og byggðapróun.

Hún lauk doktorsprófi í félagsfræði frá Háskólanum í Linköping árið 2006 með ritgerðinni „To Win and to Disappear? The Driving Forces Behind Young People's Migration from Smaller Towns.“

Rannsókn Svensson kannar hvernig ungt fólk í smærri samfélögum skynjar lífskjör sín og hvað hefur áhrif á ákvarðanir þess um annað hvort að vera eða flytja í burtu. Hún hefur einnig áhuga á því hvernig viðhorf og samfélagsgerð fullorðinna hefur áhrif á þátttöku og möguleika ungs fólks til áhrifa í nærsamfélagi sínu.

Með starfi sínu stuðlar Lotta Svensson að dýpri skilningi á félagslegum og skipulagslegum þáttum sem móta líf og val ungs fólks, sérstaklega í smærri bæjum og dreifbýli.



Dr. Eva Mærsk lauk doktorsprófi í félagsfræði og menningarlandfræði árið 2022 frá Center for Landdistriktsforskning (Danish Centre for Rural Research). Hún rannsakaði m.a. hvernig ungt fólk í háskólanámi notar (ó)hreyfanleika til og frá dreifbýli og þéttbýli sem mótandi hluta af framtíðaráformum sínum og frásögnum.

Undir yfirskriftinni „Making space for rural youth“ mun Eva Mærsk kynna möguleika og hindranir sem felast í því að vinna með menntun sem tæki til að koma í veg fyrir brottflutning ungs fólks. Kynningin mun veita yfirlit yfir nýjustu rannsóknir auk þess að kynna nýja sýn á hvernig vinna má með þátttöku og samsköpun ungmenna í tengslum við menningu ungs fólks og nemenda. Í erindinu verður sérstaklega fjallað um mikilvægi hlutverks ungmenna í samfélagsþróun og hvernig samsköpun bæjarbrags getur gefið tækifæri til að styrkja tilfinningatengsl ungs fólks við heimahagana, þannig að þau upplifi sig tilheyra samfélaginu sem þau alast upp í.



Eyrún Fríða Árnadóttir er með BA gráðu í uppeldis- og menntunarfræði og MA í kynjafræði. Eyrún Fríða tók við verkefnastjórn HeimaHafnar haustið 2024 en jafnframt er hún formaður bæjarráðs í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Á málþinginu kynnir Eyrún Fríða HeimaHöfn, þróunarverkefni Nýheima þekkingarseturs og Sveitarfélagsins Hornafjarðar og segir frá því hvernig unnið er markvisst að því að stuðla að jákvæðri upplifun og viðhorfi ungmenna til framtíðarinnar í sveitarfélaginu og efla þannig tengsl þeirra við samfélagið.



Hugrún Harpa Reynisdóttir er félagsfræðingur og forstöðumaður Nýheima þekkingarseturs. Hún hefur tekið þátt í rannsóknum Nýheima þekkingarseturs á líðan ungs fólks í Sveitarfélaginu Hornafirði á undanförunum árum og fór með forgöngu við stofnun HeimaHafnar.

Á málþinginu flytur Hugrún Harpa erindi um ungt fólk og hvernig skilningur á upplifun þess og líðan í landsbyggðar-samfélagi getur stutt við eflingu byggðar, ásamt því að segja frá stofnun HeimaHafnar.



Umhverfisþing 15. og 16. september - skráning hafin

From Anna Sigríður Einarsdóttir <anna.einarsdottir@urn.is>

Date Fri 2025-08-15 10:38

Cc Anna Sigríður Einarsdóttir <anna.einarsdottir@urn.is>

 1 attachment (1 MB)

XIV Umhverfisþing dagskrá.pdf;

Umhverfisþing 15. og 16. september - skráning hafin

Skráning er hafin á XIV. Umhverfisþingi, þingið, sem er umfangsmeira en undanfarin ár, verður haldið dagana 15. og 16. september í Silfurbergi í Hörpu. Meginþemu þingsins verða hafið, líffræðileg fjölbreytni og loftslagsmál.

Með þinginu vill Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, efla hlustun og samtal við almenning, félagasamtök og hagaðila um umhverfismál, með áherslu á framangreind þemu. Umhverfisþingi er ætlað að ná fram uppbyggilegu samtali um viðfangsefni þingsins og skapa grundvöll að framhaldsvinnu stjórnvalda í málaflokkunum. Dagskráin verður því ýmist í formi vinnustofa, fyrirlestra og pallborðsumræðna.

Drög að dagskrá

15. september kl. 13-16

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, setur þingið.

Thomas Halliday, fornlíffræðingur og höfundur bókarinnar *Otherlands: A World in the Making*.

Samtal við Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands, um mikilvægi umhverfis- og loftslagsmála.

Afhending náttúruverndarviðurkenningar Sigríðar í Brattholti

Áhrifamáttur samtals – Hvernig eflum við samráð og samtal um loftslagsmál? Vinnustofa skipulögð af loftslagsktívistum.

[Skráning.þátttöku](#)

16. september kl. 9:00 – 16:30.

Ocean – sýning á 20 mínútna útgáfu af myndinni *Ocean* með David Attenborough

Pallborð 1: Lífríki hafsins og vernd hafsvæða - pallborðsumræður um tengsl verndunar hafsvæða við þróun lífríki hafsins og auðlindir þess.

Pallborð 2: Skyldan til að vernda hafið - pallborðsumræður um framkvæmd hafverndar, árangursríka umhverfisvernd í hafi og lagalega þróun á því sviði. [Skráning.þátttöku](#).

Hádegishlé

Vinnustofa 1. Verndum líffræðilega fjölbreytni - hringborðsumræður um stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni og aðgerðaáætlun í málaflokknum. [Skráning.þátttöku](#).

Vinnustofa 2: Fyrsta loftslagsstefna Íslands - hringborðsumræður til að undirbyggja efnistöð fyrstu loftslagsstefnu Íslands. [Skráning.þátttöku](#).

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra lokar þinginu

Meðal annarra þátttakenda í þinginu eru:

- Dr. Chris McOwen, sjávarlíffræðingur hjá Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP).
- Dr. Anna von Rebay, málsvari og lagalegur ráðgjafi og forstjóri og stofnandi Ocean Vision Legal.
- Dr. Sian Prior, sjávarlíffræðingur. Prior hefur starfað fyrir og veitt ráðgjöf til fjölda umhverfisverndar- og hafverndarhópa, m.a. Clean Arctic Alliance.
- Rui Martins, héraðsstjóri hafmála á Azoreyjum (Regional Director for Ocean Affairs).
- Dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir forstöðumaður rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum.
- Dr. Snorri Sigurðsson, líffræðingur og sviðsstjóri náttúruverndar, Náttúrufræðistofnun.

- Björn Helgi Barkarson, umhverfisfræðingur og skrifstofustjóri, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu
- Dr. Snjólaug Árnadóttir, dósent og doktor í hafrétti við Háskólann í Reykjavík.

Öll eru velkomin, en skrá þarf þátttöku í þinginu fyrirfram. Hlutar dagskrár verða einnig aðgengilegir í beinu streymi. *Athygli er vakin á að skrá þarf sérstaklega þátttöku í pallborðsumræðum og hverri vinnustofu fyrir sig.*

[Skráning þátttöku.](#)



Anna Sigríður Einarsdóttir, upplýsingafulltrúi / Head of Information

Skrifstofa ráðuneytisstjóra / Department of the Permanent Secretary

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Ministry of the Environment, Energy and Climate

Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland


Sími / Tel: (+354) 545 8600

Beinn sími / Direct tel: (+354) 545 8619 • Farsími / Mobile: (+354) 669 1124

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing





→ 15. september — Kl. 13:00–16:00

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, setur þingið.

Thomas Halliday, fornlífræðingur og höfundur bókarinnar *Otherlands: A World in the Making*.

Samtal við Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands, um mikilvægi umhverfis- og loftslagsmála.

Afhending náttúruverndarviðurkenningar Sigríðar í Brattholti.

Áhrifamáttur samtals — Hvernig eflum við samráð og samtal um loftslagsmál?
Vinnustofa skipulögð af loftslagsaktivistum.

Skráning þátttöku

→ 16. september — Kl. 09:00–16:30

Ocean — Sýning á 20 mínútna útgáfu af myndinni Ocean með David Attenborough.

Pallborð 1: Lífríki hafsins og vernd hafsvæða — Pallborðsumræður um tengsl verndunar hafsvæða við þróun lífríkis hafsins og auðlindir þess.

Meðal þátttakenda í pallborði:

- Dr. Chris McOwen sjávarlífræðingur hjá Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP).
- Dr. Sian Prior, sjávarlífræðingur. Prior hefur starfað fyrir og veitt ráðgjöf til fjölda umhverfisverndar- og hafverndarhópa, m.a. Clean Arctic Alliance (Seas At Risk), the Antarctic & Southern Ocean Coalition og WWF.
- Dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, forstöðumaður rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum.

Pallborð 2: Skyldan til að vernda hafið — Pallborðsumræður um framkvæmd hafverndar, árangursríka umhverfisvernd í hafi og lagalega þróun á því sviði.

Þátttakendur í pallborði:

- Dr. Anna von Rebay, málsvari og lagalegur ráðgjafi og forstjóri og stofnandi Ocean Vision Legal.
- Rui Martins, héraðsstjóri hafmála á Azoreyjum (Regional Director for Ocean Affairs).
- Björn Helgi Barkarson, umhverfisfræðingur og skrifstofustjóri í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.
- Dr. Snjólaug Árnadóttir, dósent og doktor í hafrétti við Háskólann í Reykjavík.

Skráning þátttöku

→ Hádegishlé


Vinnustofa 1: Verndum líffræðilega fjölbreytni — Hringborðsumræður um stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni og aðgerðaáætlun í málaflokknum.

Skráning þátttöku

Vinnustofa 2: Fyrsta loftslagsstefna Íslands — Hringborðsumræður til að undirbyggja efnistöð fyrstu loftslagsstefnu Íslands.

Skráning þátttöku

Athygli er vakin á að skrá þarf sérstaklega þátttöku í pallborðsumræðum og hvorri vinnustofu fyrir sig.



22.05.2025



Umferðarlíkan Suðurlandsveggar um Flóahrepp

Breikkun Suðurlandsveggar

Skýrsla – forsendur og niðurstöður

Arna Kristjánsdóttir
Andri Rafn Yeoman
Berglind Hallgrímsdóttir



Inngangur og markmið

Inngangur og markmið

Forsaga:

Undirbúningsvinna vegnar breikkunar Suðurlandsveggar á um 13 km kafla milli Selfoss og Bjórsár í Flóahreppi stendur nú yfir, m.a. vinna við frumdrög. Gert er ráð fyrir uppbyggingu 2+1 vegar með aðskildum akstursstefnum. Verkefnið felur jafnframt í sér endurskipulagningu vegamóta á nokkrum stöðum og fækkun vegtenginga.

Í tengslum við verkefnið er lögð áhersla á að greina áhrif fyrirhugaðrar þróunar innan sveitarfélagsins og unnin er spá fyrir umferðarþróun á Suðurlandsvegi til 20 ára. Til að styðja við þessa greiningarvinnu hefur verið ákveðið að þróa umferðarlíkan sem nýtist við mat á mismunandi útfærslum og valkostum í hönnun og framkvæmd.

Markmið:

Gerð umferðarlíkans fyrir Suðurlandsveg og aðliggjandi vegi í gegnum Flóahrepp, með hliðsjón af áætluðu umferðarástandi til framtíðar og breikkun Suðurlandsveggar. Eingöngu er litið til akandi umferðar í greiningunni.

Verkþættir:

Gerð umferðarlíkans felst í:

- Framkvæmd talninga sem fóru fram í febrúar 2025.
- Umferðarspár á Suðurlandsvegi til ársins 2055 sem framkvæmt var af Vegagerðinni
- Gagnasöfnun fyrir uppbyggingaráform innan sveitarfélags Flóahrepps. Horft til skipulagsáforma aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029 og húsnæðisáætlunar sveitarfélagsins 2025-2034. Samskipti við fulltrúa sveitarfélagsins.
- Skoðun og greining á ferðavenjum íbúa í samræmi við ferðavenjukönnun frá 2022.
- Uppbygging umferðarlíkans í PTV Visum.
- Greining á þremur sviðsmyndum (Grunnástand 2024/2025, Framtíðarástand 2035 og Framtíðarástand 2055). Fyrir framtíðarástand er gert ráð fyrir breikkun Suðurlandsveggar, breytt fyrirkomulags vegamóta og hliðarvega.
- Uppsetning niðurstaðna í PTV Publisher

Sviðsmyndir, forsendur og aðferðafræði

Sviðsmyndir

Grunnástand 2024/2025

Núverandi umferð á Suðurlandsvegi og aðliggjandi vegum sem byggir á talningum. Núverandi uppbyggingartölur innan sveitarfélags Flóahreppar. Ferðavenjur íbúa byggja á ferðavenjukönnun 2022.

Framtíð 2034

- Umferð um ytri reiti er metin út frá umferðarspá Vegagerðarinnar fyrir Suðurlandsveg fyrir árið 2034. Annars vegar fyrir Suðurlandsveg austan Selfoss og hins vegar vegamóta Suðurlandsveg og Skeiða- og Hrunamannavegar.
- Spá sem byggir annars vegar á uppbyggingarheimildum í aðalskipulagi Flóahreppar til ársins 2029 og hins vegar áætlaðri uppbyggingu skv. húsnæðisáætlun sveitarfélagsins 2024-2034.
- Ferðavenjur, þ.e. fjöldi ferða á hvern íbúa og ferðamátadreifing, óbreytt frá grunnsviðsmynd.
- Breikkun Suðurlandsvegur í 2+1 veg með breyttum vegtengingum og hliðarvegum skv. frumdrögum.

Til lengri framtíðar – 2055

- Umferð um ytri reiti byggir á umferðarspá Vegagerðarinnar fyrir Suðurlandsveg fyrir árið 2055. Annars vegar fyrir Suðurlandsveg austan Selfoss og hins vegar vegamóta Suðurlandsveg og Skeiða- og Hrunamannavegar.
- Áætluð þróun uppbyggingar innan Flóahreppar til ársins 2055 út frá áætlaðri þróun húsnæðisáætlunar 2024-2034 og gildandi aðalskipulagi. Sjá nánar í kafla um forsendur um innri reiti.
- Ferðavenjur, þ.e. fjöldi ferða á hvern íbúa og ferðamátadreifing, óbreytt frá grunnsviðsmynd.
- Breikkun Suðurlandsvegur í 2+1 veg með breyttum vegtengingum og hliðarvegum skv. frumdrögum.

Forsendur 1 af 2

Almennt

Umferðarlíkanið tekur eingöngu tillit til akandi umferðar. Niðurstöður líkansins sýna ársdagsumferð (ÁDU) sem er meðalumferð á dag yfir árið. Á Suðurlandsvegi um Flóahrepp er munurinn á milli hversdagsumferðar og ársdagsumferðar ekki mikill þannig ákveðið var að niðurstöður myndu sýna ÁDU. Á næstu síðu er sýnt uppsett umferðarlíkan með skilgreindum uppbyggingarreitum, ásamt staðsetningu ytri reita og umferðartalninga.

Ferðasköpun

- Umferðarsköpun líkansins byggir á fjölda íbúa innan skipulagsreita þess, þ.e. innri reita. Í öllum sviðsmyndum var umferðarsköpun íbúa áætluð út frá ferðavenjukönnun frá 2022. Þar sem ekki liggja fyrir ferðavenjur íbúa í Flóahreppi var ákveðið að styðjast við ferðavenjur íbúa í Ölfusi. Gert er ráð fyrir að meðaltali séu 3 íbúar í hverju íbúðarhúsnæði. Þá er gert ráð fyrir að hver íbúi fari 3,4 ferðir á dag og að 80% ferða séu farnar sem bílstjóri í einkabil (líkanið sýnir fjöldi ökutækja svo ekki er tekið sérstaklega tillit til farþega).
- Ekkí liggja fyrir gögn um hversu margar ferðir skapast vegna frístundahús/sumarhúsa. Það er nálgun og mat ráðgjafa að á ársgrundvelli skapa frístundahús/sumarhús 0,5 ferðir á dag.
- Ekkí liggja fyrir gögn um hversu margar ferðir skapast vegna gistiþláss á hótélum/tjaldsvæðum/gistiheimilum þar sem um er að ræða gistingu á landsbyggðinni. Gert var ráð fyrir að hvert gistiþláss skapi 2 ferðir á dag.

Aðdráttur

Hvert ferðir leita fer eftir uppbyggingu innan skipulagsreita. Ekki er mikið um þjónustu innan sveitarfélagsins og því er mesti aðdráttur í ytri reiti umferðarlíkansins t.d. til Selfoss.

Forsendur 2 af 2

Uppbyggingarheimildir: innri reitir


Ákveðið var að styðjast við uppbyggingarreiti sem skilgreindir eru í aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, sjá mynd til hliðar. Núverandi byggð er skilgreind eftir uppbyggingarreitum aðalskipulagsins og þeim haldið óbreyttum í framtíðar sviðsmyndum. Þannig er framtíðaruppbygging sett inn í skilgreinda uppbyggingarreiti. Forsendur uppbyggingar eru eftirfarandi (sjá einnig töflu hér til hliðar):

- Grunnástand:** Í sveitarfélaginu er 726 íbúar (Hagstofa Íslands 2025) og þ.a.l. um 240 íbúðir. Núverandi fjöldi sumarhúsa og gistipláss var áætlaður út frá upplýsingum úr gildandi aðalskipulagi.
- Framtíð 2034:** Notast var við uppbyggingarforsendur íbúðabygðar skv. húsnæðisáætlun Flóahrepps 2024-2034. Áætlaður fjöldi sumarhúsa og gistipláss árið 2034 var áætlaður út frá upplýsingum úr gildandi aðalskipulagi.
- Framtíð 2055:** Ekki liggja fyrir upplýsingar um áætlaða uppbyggingu sveitarfélagsins síðar en 2034. Til þess að áætla uppbyggingu íbúðabygðar til ársins 2055 var því skoðað hvernig þróun húsnæðisáætlunarinnar er áætluð næstu árin og gert svo ráð fyrir að sú þróun haldi áfram til 2055. Gert er ráð fyrir fjöldi heimilaðra gistipláss og frístundabygðar fyrir árið 2034 skv. skipulaginu muni aukast um 20% til ársins 2055 (byggir á mati en ekki forsendum).

Umferð um ytri reiti

Umferð um ytri umferðarreiti spila lykilhlutverk í líkani Suðurlandsvegur, sér í lagi gegnumumferð á milli Selfoss og austur fyrir Þjórsá. Til þess að byggja upp grunnástandið var notast við umferðartalningar árið 2024 og 2025 (bæði siteljara Vegagerðarinnar og staðbundnar talningar). Til að meta þróun umferðar um ytri reiti líkansins var stuðst við umferðarspár sem voru unnar af Vegagerðinni.

Uppsett umferðarlíkan fyrir Suðurlandsveg og aðliggjandi vegi um Flóahrepp



Byggingarmagn	Íbúðarhúsnæði	Frístundabygð / Sumarhús	Gistipláss
Grunnástand 2024	240	60	370
Framtíð 2034	+250	+100	+560
Framtíð 2055	+210	+60	+200



Umferðartalningar, umferðarspá og TomTom

Umferðartalningar

Sólarhringstalningar voru framkvæmdar í janúar 2025 á þremur stöðum á Suðurlandsvegi, sjá bláa hringi á mynd til hliðar. Niðurstöður talninga voru nýttar til þess að sannreyna líkanið með tilliti til stefnugreiningar á vegamótum, til að leiðrétta grunnsviðsmyndina og skala til umferð í framtíðarspám.

Umferðartalningar voru myndgreindar af MioVision og nálgast má niðurstöður í vefvismóti þeirra [hér](#) (þarf að fá boð áður en hlekkur verður virkur).

Auk umferðartalninga sem framkvæmdar voru sérstaklega fyrir verkefnið var stuðst við staðbundna teljara Vegagerðarinnar á Skeiða- og Hrunamannavegi, Suðurlandsvegi við Þjórsá og Suðurlandsvegi við Þingborgir sem og mat Vegagerðarinnar á ársdagsumferð (ÁDU) [árið 2023](#) fyrir aðliggjandi vegi.

Umferðarspá 2035 og 2055

Vegagerðin vann að umferðarspám fyrir Suðurlandsveg. Annars vegar er spá fyrir Suðurlandsvegur austan Selfoss frá 2022 vegna vinnu við nýja Ölfúsárbrú og hins vegar umferðarspá frá 2025 fyrir vegamót Suðurlandsvegur og Skeiða- og Hrunamannavegar. Spátílfellin sem voru notuð inn í uppbyggingu og sköln umferðarlíkansins voru meðaltal neðri og efri spámarka fyrir árin 2035 og 2055.

TomTom greiningar

Auk talninga var stuðst við niðurstöður út TomTom greiningum til að hlutfall ferða sem fara á milli tiltekinnar ytri reita greiningarsvæðisins. Niðurstöður má sjá [hér](#). Að auki var stuðst við hraðagögn úr TomTom til að meta núverandi akstur um Suðurlandsveg, s.s. meðalhraða. Niðurstöður má sjá [hér](#).



Keyrslur og niðurstöður

Líkanakeyrslur

Í verkefninu voru gerðar eftirfarandi keyrslur:

Sviðsmyndir:

- Grunnástand 2024.
- Framtíð 2034 – Óbreytt gatnakerfi
- Framtíð 2034 og Suðurlandsvegur 2+1
- Framtíð 2055 – Óbreytt gatnakerfi
- Framtíð 2055 og Suðurlandsvegur 2+1

Niðurstöður keyrsla má finna í vefviðmóti PTV Publisher, sjá nánar á næstu blaðsíðu.

Þar má sjá áætlaða ársdagsumferð fyrir allar sviðsmyndir og mismunakort umferðar þar sem umferð er borin saman við grunnástand. Einnig má þar sjá helstu forsendur varðandi uppbyggingaáform.

PTV Publisher og niðurstöður

Niðurstöðunum er deilt í gegnum PTV Publisher, vefviðmóts til að deila niðurstöðum úr PTV Visum. Hægt er að nálgast þær [hér](#).


Sjá má skjáskot af viðmóttinu hér til hliðar.

Hægra megin efst má flakka á milli valkosta. Þegar annar valkostur er valinn breytast sjálfkrafa aðrar upplýsingarnar á skjánum, þ.e. kort og töflur.

Til vinstri að ofan má sjá umferðina í kerfinu. Með því að færa bendilinn yfir hvern hlekk fást upplýsingar um umferðarmagn (ÁDU). ATH: aðgreind eftir akstursstefnum.

Til vinstri að neðan má mismunakort, þar sem valin sviðsmynd er borin saman við grunnástand 2024. Með því að færa bendilinn yfir hvern hlekk fást upplýsingar um mismuninn. ATH: aðgreind eftir akstursstefnum.

Fyrir ofan hægra megin má sjá byggingarmagn fyrir annars vegar grunnástand 2024 og hins vegar framtíð 2035. Eru þær aðgreindar eftir uppbyggingu íbúða, sumarhúsa og gistiplássna.



Háskólanám á Suðurlandi - fjarnám

From Ingveldur Sæmundsdóttir <ingveldur@hfsu.is>

Date Thu 2025-07-31 11:31

To Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>

Sæl,

sendi til að vekja athygli á háskólanámi á Suðurlandi, á námskeiði í frumkvöðulstarfi og nýsköpun sem hefst núna í ágúst, þar sem Háskólafélag Suðurlands kemur að í samstarfi við Háskólann á Bifröst.

Um er að ræða örnám á háskólastigi, fjarnám sem samanstendur af námskeiðum fyrir þá sem vilja skilja hvernig eigi að taka fyrstu skref í átt að því **að breyta hugmynd í veruleika**, fá **innsýn inn í sprotaumhverfið** á Íslandi og **öðlast gagnrýna sýn á hvernig nýsköpun og frumkvöðulstarf** geta mótað samfélagið okkar.

Námskeiðin eru þrjú og gefa alls **18 ECTS einingar** og gerð er krafa um stúdentspróf, aðfaranám að háskóla eða sambærilegt nám.

Kennt er á ensku og því aðgengilegt þeim sem eru ekki íslenskumælandi að hefja háskólanám.

Háskólinn á Bifröst kennir í fjarnámi og Háskólafélag Suðurlands býður nemendum af Suðurlandi sem innrita sig á námskeiðið upp á **aðstöðu fyrir eina staðarlotu með kennurum fyrir hvert námskeið**. Staðarloturnar fara fram í Háskólafélagi Suðurlands á Selfossi og gefa nemendum tækifæri til beinna samskipta við kennara og samnemendur. Gert er ráð fyrir lágmarksfjölda þátttakenda til að staðarlota fari fram.

Sjá frétt á heimasíðu

<https://hfsu.is/frumkvodlastarf-a-islandi/>

Um námið:

- **Heiti:** *Frumkvöðlastarf á Íslandi*
- **Tungumál:** Kennt á ensku
- **Fjarnám:** Þrjú samtengd námskeið, samtals 18 ECTS einingar
- **Tímabil:**
1. ágúst – 30. nóvember 2025
- **Verð:** 225.000 kr. (flest stéttarfélög veita styrki til félagsmanna)

Markmið og innihald:

Markmiðið er að auðvelda þeim sem eru ekki íslenskumælandi að hefja háskólanám. Námið veitir þátttakendum aðgang að nýju tengslaneti og hagnýta þekkingu og færni í frumkvöðlastarfi, þar á meðal:

- Að þróa og staðfesta viðskiptahugmyndir
- Að nýta hönnunarhugsun í nýsköpun
- Að kynnast íslensku sprotaumhverfi og stuðningsúrræðum
- Að öðlast innsýn í fjármögnun og rekstur eigin fyrirtækis

Kennarar:

Námið er kennt af reynslumiklum frumkvöðlum og sérfræðingum:

- Fida Abu Libdeh, stofnandi GeoSilica Iceland
- Arnar Sigurðsson, sérfræðingur í skapandi nýsköpun

- Michael Hendrix, fyrrverandi yfirmaður hjá IDEO (USA) og stofnandi Huldunótna á Íslandi

Skráning og nánari upplýsingar:

Skráning stendur yfir til 10. ágúst 2025.

Nánari upplýsingar og skráning er aðgengileg á vef Háskólafélags Suðurlands:

<https://hfsu.is/frumkvodlastarf-a-islandi/>

Hvet ykkur til að setja á heimasíðu, deila frétt HfSu og kynna þetta nám fyrir þeim sem hafa áhuga á að taka fyrstu skrefin í háskólanámi og styrkja stöðu sína á íslenskum vinnumarkaði.

Heyrðu endilega í mér ef spurningar vakna,

Ingveldur Sæmundsdóttir

Framkvæmdastjóri / CEO



University Center of South Iceland

Fjölheimum, Tryggvagötu 13

800 Selfossi

Tel. 560-2040 / 693-6900

www.hfsu.is

www.fjolheimar.is

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

4670-014-71-MIN-003-V01

DAGS.

11.08.2025

SENDANDI

Einar Sindri Ólafsson

VERKHEITI

Heiðargerði - deiliskipulag

VERKKAUPI

Flóahreppur

DREIFING

Hulda Kristjánsdóttir (Flóahreppur)


MÁLEFNI

Könnun á jarðskjálftasprungum á lóð Heiðargerðis 1, Flóahreppi

Inngangur

Breytingar voru gerðar á deiliskipulagi athafnasvæðisins við Heiðagerði í Flóahreppi, vestan við Oddgeirshólaveg nr. 304 (mynd 1). Fyrir eru nokkur iðnaðarhúsnæði á svæðinu s.s. Orkugerðin (Kjötmjölið). Byggingareit á lóð Heiðargerðis 1 var breytt þannig að reiturinn væri ekki yfir sprungu sem sýnd er á aðlskipulagi. Svæðið er á þekktu sprungusvæði og hafa yfirborðsummerki þeirra verið kortlögð áður (mynd 2). Hraungerðissprungan, sem liggur í gegnum miðja lóðina, er talin eitt virkasta sprungukerfið á Suðurlandsbrotabeltinu, en hún er talin næsta líklega staðsetning Suðurlandsskjálfta. Langt er síðan hreyfingar urðu á þessari sprungu (líklega um 1734) [1].

Samhliða breytingu á deiliskipulagi var ákveðið að fara í sprungukönnun á lóðinni. Í þessu minnisblaði er greint frá niðurstöðum sprungukönnunarinnar.



MYND 1 Breyting á deiliskipulagi fyrir lóð Heiðargerðis 1 í Flóahrepp. Rauða línan táknar þekktu sprungu (Hraungerðissprungan).


Sprungur og fyrri rannsóknir

Samkvæmt 5.3.2.18. grein skipulagsreglugerðar [2] er óheimilt að byggja á þekktum jarðsprungum, misgengi eða nálægt hverum. Hætta er á mismunahreyfingu á sprungum á yfirborði þegar jarðskjálftabylgjur fara um það og geta þá myndast mikil átök á mannvirki sem geta leitt til þess að það skemmist eða eyðileggist. Grípa hefur þurft til þess að færa fyrirhuguð mannvirki þegar í ljós hafa komið óvæntar jarðskjálftasprungur á byggingastigi. Slíkt getur valdið töfum og auknum tilkostnaði. Ummerki eftir stóra jarðskjálfta á Suðurlandi má sjá sem skástígar raðir af sprungum, oft með sprunguhólum á milli þeirra. Sprungurnar hafa NA stefnu og hliðrast til vinstri um sprunguhólana og mynda norðlægar sprunguraðir. Margar sprungurnar sjást ekki á yfirborði, heldur aðeins ummerki þeirra. Ummerkin geta verið ýmiskonar, auðsjáanlegustu ummerkin eru niðurföll, gjótur eða rásir í landslagi. Einnig er leitað eftir ýmsum línulegum fyrirbærum, sprunguhólum, lautum, tjörnum, dældum og öðrum minna greinanlegum ummerkjum í landslagi [1].

Allmörg sprungukerfi hafa myndast í skjálftum á Suðurlandi og hafa þau verið kortlögð. Jarðskjálftasprungur í Flóa og víðar á Suðurlandi hafa verið kortlagðar heildstætt af Páli Einarssyni o.fl. Sjáanleg yfirborðsummerki jarðskjálftasprungna má sjá á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 (mynd 1) [3]. Þá höfðu rannsóknir áður farið fram á svæði norðan við núverandi deiliskipulagssvæði. Þar var sprungukönnun gerð vorið 2022.

Sprungurnar geta verið utan þess svæðis þó þær sjáist ekki. Sprungusvæðin eru öllu jafna eitthvað lengri en það sem sést á yfirborði og mikilvægt er að skoða þekkt sprungusvæði ítarlega áður en byggð er skipulögð á því svæði.

Á sprungusvæðum er mikilvægt að gerðar séu botnúttektir í grunnnum mannvirkja á byggingarstigi til staðfestingar á því að engar jarðskjálftasprungur séu sýnilegar í grunni mannvirkja.



Framkvæmd

Svæðið er þekkt sprungusvæði og byrjað var á því að skoða þau yfirborðsummerki sem hafa verið kortlögð áður. Þá voru loftmyndir skoðaðar af svæðinu og fleiri sýnileg yfirborðsummerki kortlögð. Vettvangsferð var farin þann 4. apríl 2025. Samtals voru grafnir þrír könnunarskurðir þvert yfir ríkjandi sprungustefnu, einn þeirra var um 90 m langur og hinir tveir um 3-4 m langir samsíða lengri skurðinum. Ummerki sprungna voru skoðuð í botni skurða og í jarðvegssniði skurðar þar sem það var hægt. Ummerkin eru ekki alltaf skýr og þannig er ekki hægt að útiloka að sprunga þveri skurðsnið, en reynt er að túlka þau saman við yfirborðsummerki o.fl.

Gröfuverktaki var Guðmundur Sigurðarson (gröfupjónusta GBS). Notast við traktorsgröfu af gerðinni Hydrema 926F (mynd 3). Öll hnit og hæðir eru í ÍSNET93.



MYND 3 Traktorsgrafan sem notast var við jarðkönnunina.

Niðurstöður sprungukönnunar

Yfirborð svæðisins er að langmestu leyti gróið, mosa- og grastegundir eru ríkjandi. Hraunkollar, hólar og hraungrýti standa víða upp úr yfirborði. Það er yfirleitt merki um að hraun hafi flætt í lokuðum hraunrásum undir hraunskorpunni. Oft geta þessir hraunhólar og strýtur verið vísbending um að hraunið sé brotið og að hellar gætu leynst þar undir. Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að almennt er lítið um stóra hella eða holrými undir Þjórsárhrauninu í Flóanum og því er gert ráð fyrir að þetta svæði sé engu frábrugðnara en önnur slík svæði.

Jarðvegsaðstæður á svæðinu eru nokkuð einsleitar. Lífrænn og lífrænt blandaður jarðvegur er að meðaltali um 1 m þykkur. Jarðvegurinn er víða töluvert blandaður brömluðu hrauni og gjalli. Í jarðveginum má víða finna nokkur svört, dökkgrá og ljós gjóskulög en þau eru mjög hentug til þess að skoða hvort að jarðvegur hafi haggast eða raskast.

Undir jarðveginum er Þjórsárhraunið. Efsti hluti hraunlagsins er nokkuð brotinn og gjallkenndur og hægt er að grafa aðeins niður í hraunið (um 0,2-0,3 m).

Grunnvatnsborð var víðast hvar á um 0,7-0,9 m dýpi og fylgir að miklu leyti yfirborði hraunsins en gera þarf ráð fyrir því að grunnvatnsborð geti risið upp í yfirborð í flóðaatburðum eða mikilli úrkomu.

Niðurstöður jarðkönnunar má sjá á mynd 4 og á korti í fullri stærð í viðauka. Rauðar línur sýna staðsetningu þekktra og sýnilegra yfirborðssprungna á svæðinu. Dæmi um yfirborðsummerki um sprungur má sjá á mynd 8.

Myndir af könnunarskurðum má sjá á myndum 5 – 7.



MYND 4 Niðurstöður sprungukönnunar á lóð Heiðargerðis 1. Rauðar línur sýna staðsetningu þekktra og sýnilegra jarðskjálftasprungna á svæðinu, punktalínur sýna staðsetningu hugsanlegra sprungna. Svartar línur merkja þá könnunarskurði sem grafnir voru á svæðinu. Kortið má sjá í fullri stærð með skýringum í viðauka.

Greinileg meginsprungu liggur rétt austan við miðja lóð. Þeirri sprungu fylgja mörg stór niðurföll, gjótur og hólar sem raða sér upp með stefnuna NNA-SSV. Í botni könnunarskurðar kom upp mikill vatnsagi auk þess að greinileg sprunga var í yfirborði hraunsins og sú sprunga full af seti og jarðvegi.

Minna áberandi hliðarsprungur raða sér samsíða þessari meginsprungu og virðist vera meira af hliðarsprungum vestan við meginsprunguna heldur en austan við hana. Þessar hliðarsprungur virðast allar vera með mjög svipaða sprungustefnu.

Ummerki um þessar hliðarsprungur voru þannig að ýmist spratt vatn upp úr yfirborði hraunsins, öskulög í jarðvegssniði voru lítillaga högguð og yfirborð hraunsins var uppbrotið. Þá sáust í sumum tilfellum lítillsháttar ummerki á yfirborði.

Byggingarhæfi lóðar

Sprungur finnast á stórum hluta lóðarinnar. Augljós meginsprunga er um miðja lóð og a.m.k. fjórar hliðarsprungur vestan og austan hennar. Þá eru einnig þrjár mögulegar hliðarsprungur, en ummerki um þær eru daufari.

Í ljósi reynslunnar í yfirstandandi jarðhræringum í og við Grindavík er ljóst að afmörkun á sprungusvæðum er vandasamt verk. Gera má ráð fyrir því að sprungur geti opnast utan við þekktar sprungur. Gera þarf ráð fyrir ákveðinni öryggisfjarlægð frá sprungukerfinu. Sú fjarlægð er að lágmarki 20-30 m. Um 25 m eru frá vestustu hliðarsprungunni að vesturmörkum núverandi bygginareits. Það er því ljóst að lóðin er óhæf til byggingar varanlegra mannvirkja. Það er þó hægt að nýta landið í annað s.s. geymslusvæði og undir tímabundin smáhýsi eða gáma.



MYND 5 Könnunarskurður 4 sem grafinn var í A-V stefnu fyrir miðri lóð.



MYND 6 Könnunarskurður K4a, sem grafinn var samsíða könnunarskurði K4, til að staðfesta sprungu.



MYND 7 Könnunarskurður K4b, sem grafinn var samsíða könnunarskurði K4, til að staðfesta sprungu.



MYND 8 Yfirborðsummerki meginsprungunnar fyrir miðri lóð. Horft til norðurs.

Heimildir

- [1] Gunnar B. Guðmundsson, Bryndís Brandsdóttir, Bergþóra S. Þorbjarnardóttir og Þórunn Skaftadóttir (2013). Upptakasvæði jarðskjálfta í: *Náttúruvá á Íslandi - Eldgos og jarðskjálftar*. Reykjavík, Viðlagatrygging Íslands og Háskólaútgáfan. Bls 545-557.
- [2] Stjórnartíðindi B. *Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*.
- [3] Flóahreppur (2018). Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029.

